

STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, Laufásvegi 40, 101 Reykjavík, kt. 620269-5739, og
SFH, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, sama stað, kt. 620976-0169, annars vegar og

(nafn) _____

(aðsetur) _____

(kennitala) _____ (sími) _____

hins vegar, gera með sér svofelldan samning um opinberan flutning tónverka á tónleikum

1. gr.

STEF veitir sammingshafa heimild til að flytja eða láta flytja á tónleikunum hvert það tónverk, sem STEF hefur eða fer með flutningsrétt að, og SFH heimilar að notuð séu markaðshljóðrit á sama stað.

2. gr.

Fyrir þá heimild, sem um ræðir í 1.gr., greiðir sammingshafi 4% af miðasölu til STEFs. Ef tónlist á tónleikunum er leikin af markaðshljóðritum, s.s. geisladiskum, hljómplötum eða segulbandi, beint eða óbeint, greiðist að auki 60% álag á STEFgjald til SFH. Gjaldið reiknast í hlutfalli við notkun hljóðrita á tónleikunum. Ef t.d. tónlist af hljóðritum er leikin 10% tímans þá greiðist 10% af fullu SFHgjaldi eða 6% álag á STEFgjald.

3.gr.

Heimild samkvæmt 1.gr. er bundin því skilyrði, að sammingshafi **15 dögum** fyrir tónleikana

- setji fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu. Tryggingarfjárhæð miðast við að uppselt sé á tónleikana, sjá nánar 5.gr. Að auki greiðist álag til SFH, sem er reiknað sem 20% álag á STEFgjald.
- fjóra aðgöngumiða að tónleikunum án endurgjalds til eftirlits hvors félags, (tveir á hvert félag)
- í síðasta lagi við uppgjör leyfisgjalda, skýrslu yfir þau tónverk, sem flutt voru á tónleikunum, tímalengd þeirra og réttihafa,

4.gr.

Full skil á gjöldum samkvæmt 2.gr. skulu hafa verið gerð innan 7 virkra daga frá lokum tónleikanna.

5.gr.

Hafi tónleikahaldarinn uppfyllt allar skyldur sínar samkvæmt ofangreindu og um er að ræða tónleika, þar sem gert er ráð fyrir minnst 1500 samkomugestum og þeir haldnir með viðamiklum sviðs- og tækjabúnaði þá lækkar STEFgjald úr 4% af aðgöngumiðasölu í 2,5%.

f.h. STEFs og SFH

Reykjavík, /

f.h. sammingshafa

Vottar:

Gjaldskrá vegna opinbers flutnings tónverka á stórtónleikum (mega-konsertum).

Af tónleikum, þar sem gert er ráð fyrir minnst 1.500 samkomugestum og haldnir eru með viðamiklum tækja- og sviðsbúnaði á stað, sem tekur þann fjölda samkomugesta, er STEFgjald **2,5%** af aðgöngumiðasölu í stað **4%**, ef eftirgreindum skilyrðum er fullnægt:

- Heimildar til tónflutnings hafi verið aflað hjá STEFi minnst einum mánuði fyrir tónleikana.
- Fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir greiðslu gjalda minnst 15 dögum fyrir tónleikana.
- Skýrslum um þau tónverk, sem flutt verða, áætlaða tímalengd þeirra og réttihafa, hafi verið skilað á skrifstofu STEFs minnst 15 dögum fyrir tónleikana.